

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 16. september 2022  
UST202209-028/B.S.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs - Fjarðarheiðargöng. Umsögn**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs vegna gerðar Fjarðarheiðarganga og mannvirki, vegir og brýr, athafnasvæði og fleira tengt þessari framkvæmd.

Umhverfisstofnun telur greinargerðina ítarlega og gerð er ágæt grein fyrir valkostum veltenginga að jarðgöngum. Allir valkostir munu hafa neikvæð áhrif á gróðurlendi, birkiskóg og votlendi. Aðalvalkostur er svokölluð Suðurleið. Enginn valkostur telst betri en annar hvað þetta varðar og er litið til annarra þátta þegar Suðurleið er talinn besti kosturinn. Umhverfisstofnun vill benda á að nú standa yfir framkvæmdir á Vestfjarðavegi í Þorskafirði um Teigsskóg. Þar er beitt nokkuð öðrum aðferðum við framkvæmdir í skóglendi og mætti taka upp þær aðferðir þegar kemur að vegagerð vegna Fjarðarheiðaganga.

Umhverfisstofnun bendir á að þegar birkiskógur er ruddur er um óafturkræfa aðgerð að ræða en með vönduðum vinnubrögðum þegar kemur að meðferð á gróðurtorfum má bæta ásýnd vegsvæðis eins og gert hefur verið t.d. við Dettifossveg og ætlunin er að gera í Teigsskógi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umræddar breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*